


Umhverfisstofnun
Áb. *KG*
08 DES. 2003
50
Tilv. *U5720031100099*

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Stöðulandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

Phone (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

28. nóvember 2003

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: U20031100099/kg

**Þingsályktunartillaga um grunnöggn um náttúru landsins og náttúrufarskort,
27. mál**


Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 17. nóvember, þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um grunnöggn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 27. mál.

Umhverfisstofnun hefur víðtækt hlutverk tengt náttúru landsins og notkun náttúrufarskorta. Stofnunin byggir auk þess stóran hluta af starfi sínu á náttúrufarsupplýsingum sem unnar eru á viðeigandi fagstofnunum. Umhverfisstofnun styður því heilshugar að aukinn kraftur verði settur í skipulega skráningu og kortlagningu á náttúru Íslands. Stofnunin telur mjög mikilvægt að hið fyrsta verði lokið við gerð jarðfræði-, gróðurfars-, búsvæða- og vatnafarskortum af landinu í hæfilegum mælikvarða (t.d. 1:50.000).

Góð grunnöggn eru grundvallaratriði í stjórnun náttúruauðlinda, mat á verðmæti og skipulagning nýtingar. Umhverfisstofnun telur álíka mikilvægt að slíkar upplýsingar verði öllum aðgengilegar og nauðsynlegt að ríkisvaldið hlutist til um söfnun þeirra upplýsinga og útgáfu.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður